15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. maí 1944.

Nr. 3/1944. **Geir G. Zoëga f. h. ríkisstjórnar Íslands** (Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands (Ragnar Ólafsson hrl.).

Varadómendur Sigtryggur Klemenzson fulltrúi og Sigurgeir Sigurjónsson hrl. í stað Gunnlaugs E. Briems fulltrúa og Sigurjóns Á. Ólafssonar alþm.

Úrskurður.

Í máli þessu, sem höfðað er af Geir G. Zoëga f. h. ríkisstjórnar Íslands gegn Alþýðusambandi Íslands, er stefna gefin út 4. þ. m. og birt sama dag, en málið er þingfest í dag. Umboðsmaður stefnda hefur óskað eftir viku fresti til gagnasöfnunar úti um land og til andsvara. Umboðsmaður stefnanda hefur neitað um lengri frest en einn dag.

Það er viðurkennt í málinu, að umboðsmaður stefnda hefur fengið afrit þeirra skjala, er lögð eru nú fram við þingfestingu, í sínar hendur að morgni þess 6. þ. m.

Með tilliti til þessa, og eftir atvikum þykir rétt að veita stefnda frest til næstkomandi laugardags 13. þ. m., kl. 10 árd., til þess að tjá sig um kröfur stefnanda og leggja fram greinargerð af sinni hálfu.

Því úrskurðast:

Stefnda veitist frestur til laugardags 13. þ. m., kl. 10 árdegis.